

Ár 2013, fimmtudaginn 1. ágúst kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Guðmundur Þór Guðjónsson, Unnur Þormóðsdóttir og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Guðmundur Þór Guðjónsson formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Magneu Jónasdóttur, frá 24. júlí 2013.

Í bréfinu er sótt um áframhaldandi stöðuleyfi fyrir söluskálann Dalakaffi við bílastæðið í Ölfusdal. Toppvélar ehf. sjá áfram um daglegt eftirlit og í lok leyfistíma um að fjarlægja söluskálann ásamt verönd og öðrum lausamunum á sinn kostnað.

Bæjarráð samþykkir að veita stöðuleyfi fyrir söluskálann til eins árs. Í gangi er vinna við gerð deiliskipulags Árhólmasvæðisins en gerð slíks deiliskipulags er forsenda þess að hægt sé að gefa út byggingarleyfi.

2. Fjárhagsleg málefni:

2.1. Leikskólinn Undraland vegna starfsmannamála, frá 25. júlí 2013

Í bréfinu óskar leikskólastjóri eftir leyfi til að ráða stuðningsfulltrúa í 100% stöðu og leikskólakennara/leiðbeinanda í 100% stöðu frá og með 1. ágúst 2013.

Bæjarráð samþykkir að ráðið verði í umræddar stöður.

2.2. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun leikskólans Undralands, frá 29. júlí 2013

Í bréfinu fer bæjarstjóri fram á það við bæjarráð að auka við fjárhagsáætlun Leikskólans Undralands vegna tveggja 100% stöðugilda sbr. erindi frá leikskólastjóra 25. júlí 2013.

Bæjarráð samþykkir viðaukann, útgjaldaaukningu verður mætt með framlagi af liðnum 21-01-9980 kr. 2.500.000,-.

2.3. Minnisblað frá skipulags- og byggingafulltrúa v/gatnagerðarmála, frá 29. júlí 2013

Í bréfinu leggur skipulags- og byggingarfulltrúi drög að úrbótum skv. ítrekuðum óskum íbúa að Dynskógum 32 á aðkomu að húsi þeirra. Lagt er til að lengja götuna um 2,5m.

Einnig leggur hann til að malbikuð verði gangstétt við Grænumörk sem í dag er hellulögð.

Bæjarráð samþykkir tillögurnar, verkin verði boðin út með framkvæmdum við Grýluvöll og Hamarshöll.

3. Tæknileg málefni:

3.1. Bókun vegna löggæslu í Árnassýslu, frá 30. júlí 2013

Bæjarráð Hveragerðisbæjar krefst þess að nú þegar verði gripið til aðgerða og fjárveitingar til Lögregluembættisins í Árnassýslu verði auknar svo koma megi í veg fyrir fækkun starfsmanna og þá skerðingu á þjónustu sem af slíku hlýst.

Ef fram fer sem horfir þá verður einn bíll á vakt hverju sinni í Árnassýslu allri. Það er ljóst að með því verður ekki mögulegt að tryggja lágmarksþjónustu.

Rétt er að leggja áherslu á gríðarlegt umfang löggæslusvæðisins en í sýslunni búa um 15.000 íbúar og að auki sækir sýsluna heim mikill fjöldi ferðamanna á ári hverju. Jafnframt er rétt að geta þess að að jafnaði eru um 10.000 manns í sumarbústöðum á svæðinu yfir sumartímann og getur sá fjöldi hæglega farið í 25.000 manns um helgar.

Hvergerðingar hafa ítrekað ályktað um það ófremdarástand sem ríkir í löggæslumálum Árneseinga. Það er með öllu óviðunandi að þannig sé búið að lögregluembættinu að það geti ekki sinnt sínu lögbundna hlutverki. Ríkislögreglustjóri hefur áður sagt að hér ættu að vera 35 lögreglumenn. Nú stefnir í að þeir verði 21. Við slíka fækkun verður ekki unað.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:47.

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign.)

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)